

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 18. nóvember 1988

**um breytingu á tilskipun 79/693/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aldinsultu, ávaxtaþlaup og -mauk og hnetumauk****(88/593/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í viðaukum við tilskipun 79/693/EBE <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með aðildarlögum Spánar and Portúgals, eru settar ýmsar tæknilegar reglur.

Gera þarf tilteknar breytingar á tilskipuninni sem ekki eru til komnar vegna tæknipróunar.

Með hliðsjón af tilkomu hins innri markaðar ber að koma bandalagsreglum um framleiðsluvörur með lágt þurrefnisinnihald til framkvæmda fyrir 1. janúar 1993.

Allir neytendur skulu eiga rétt á að fá upplýsingar um leifar af brennisteinsdíoxíði í vöru sem tilskipun 79/693/EBE gildir um.

Tilskipun ráðsins 85/591/EBE frá 20. desember 1985 um að koma á bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits <sup>(5)</sup> er altæk og almenn og því er ekki nauðsynlegt að viðhalda sérákvæði um sýnatöku og greiningu í tilskipun 79/693/EBE.

Með hliðsjón af gildandi löggjöf bandalagsins um matvæli ber að endurskoða reglurnar um tiltekin aukefni í matvæli sem heimila aðildarríkjunum tímabundið að ákveða hvort nota megi þessi efni í sultur eða sambærilegar vörur, en ekki innan ramma tilskipunar 79/693/EBE heldur í víðara samhengi, þ.e. innan ramma almennrar löggjafar um aukefni í matvæli.

Ekkert stendur í vegi fyrir að veita leyfi til að nota rauðan ávaxtasafa til að styrkja lit, ekki aðeins á sultu í sérflokkum, heldur einnig á sultu sem gerð er úr tilteknum rauðum ávöxtum.

Samkvæmt tilskipun ráðsins 86/102/EBE frá 24. mars 1986 um fjórðu breytingu á tilskipun 74/329/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum <sup>(6)</sup> hefur amíderað pektín sömu stöðu og pektín. Því ber að breyta tilskipun 79/693/EBE í samræmi við það.

Skýra ber orðalag í tilteknum ákvæðum í tilskipun 79/693/EBE.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 25, 3. 2. 1987, bls. 8.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 122, 9. 5. 1988, bls. 39.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 180, 8. 7. 1987, bls. 18.<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 5.<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 50.<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 88, 3. 4. 1986, bls. 40.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 79/693/EBE:

1. Í ensku gerðinni af tilskipuninni komi „sweetened chestnut purée í stað „chestnut purée“:

- í titlinum,
- í fyrstu, fjórðu og fimmtu málsgrein formálsorðanna,
- í 6. mgr. 1. gr.,
- í 6. tölul. A-hluta í I. viðauka.

2. Í spænsku gerðinni komi „marmalade“ í stað „mermelada“:

- í titlinum,
- í fyrstu, fjórðu og fimmtu málsgrein formálsorðanna,
- í 5. mgr. 1. gr.,
- í 5. tölul. A-hluta í I. viðauka.

3. Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„Fyrir 1. janúar 1991 skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja reglur um heiti sem nota skal í bandalaginu um þessar vörur.“

4. Í stað d-liðar 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„d) Þegar innihald leifa af brennisteinsdíoxíði er meira en 30 mg/kg skal merkingin „brennisteinsdíoxíð“ koma fram í skránni yfir innihaldsefni í samræmi við hundraðshluta, miðað við þyngd, af leifunum í fullunninni vöru.“

5. Í stað b-liðar 3. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„b) merkingin „heildarsykurinnihald: ... g í hverjum 100 g“, og sýni uppgefin tala gildið sem ákvarðað er með ljósbrotsmæli við 20°C fyrir fullunna vöru, með fyrirvara um  $\pm 3^\circ\text{C}$  frávik á ljósbroti.“

6. Eftirfarandi 8. gr. a bætist við:

„8. gr. a

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar til að laga viðaukana að tækniþróun í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr., að undanteknum þeim sem varða aukefni“.

7. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Skilyrði um auðkenni og hreinleika fyrir vörur og efni í B-hluta II. viðauka og B-hluta í III. viðauka skulu ákvörðuð, ef nauðsynlegt er, í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr.“

8. Ákvæði 12. gr. falli niður.

9. Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tíma-mörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem krafist er að ráðið samþykki að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ákvæði fulltrúa aðildarríkjanna innan nefndarinnar vega eins og fram kemur í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir. “

10. Ákvæði 14. gr. falli niður.

11. Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Undanþágurnar varðandi aukefni sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. falla úr gildi þegar reglur um þetta efni koma til framkvæmda innan bandalagsins“.

Ákvæði 3. gr. falli niður.

12. Í 1. tölul. A-hluta I. viðauka bætist eftirfarandi við í lok skilgreiningarinnar: „heimilt er að vinna rósaldinsultu í sérflokki að öllu leyti eða að hluta úr rósaldinmauki“.
13. Í stað annars undirliðar 1. tölul. A-hluta II. viðauka komi eftirfarandi:  

„— í þessari tilskipun eru tómatar, ætir hlutar rabarbarastöngla, gulrætur og sætuhnúðar taldir til ávaxta“.
14. Í stað fjórða undirliðar 1. tölul. A-hluta II. viðauka komi eftirfarandi:  

„— „engifer“ merkir æta rót engiferplöntunnar“.
15. Í stað 4. tölul. A-hluta II. viðauka komi eftirfarandi:

**„4. Ávaxtasafi:**

Ávaxtasafi, ávaxtaþykki og þurrkaður ávaxtasafi í samræmi við kröfurnar í tilskipun ráðsins 75/726/EBE frá 17. nóvember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ávaxtasafa og tilteknar sambærilegar vörur<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögum Spánar og Portúgals.

<sup>(1)</sup> Stjrtíð. EB nr. L 311, 1. 12. 1975, bls. 40.“

16. Í A-hluta II. viðauka bætist eftirfarandi við:  

„5a. Sítrusbörkur (börkur)  
„Börkur sítrusávaxtarins, hreinsaður með eða án aldinsteina“.
17. Í stað B-hluta II. viðauka komi eftirfarandi:  

„B. HRÁEFNI — HEIMILUÐ MEÐHÖNDLUN

  1. a) Vörurnar, sem skilgreindar eru í 1., 2., 3., 5. og 5. tölul. a, er heimilt að:  
    - hita, kæla eða frysta,
    - frostþurrka,
    - þykkja, að því marki sem það er tæknilega mögulegt.
  - b) Ef framantaldar vörur eru ætlaðar til framleiðslu á vörum sem eru skilgreindar í 2., 4. og 5. tölul. A-hluta I. viðauka er heimilt að bæta í þær brennisteinsdíoxíði (E 220) eða söltum þess (E 221, E 222, E 223, E 224, E 226 og E 227).
  2. Heimilt er að þurrka engifer eða geyma það í sírópi.
  3. Einnig er heimilt að meðhöndla apríkósur til framleiðslu á vörunum sem eru skilgreindar í 2. tölul. A-hluta I. viðauka með öðrum þurrkunaraðferðum en frostþurrkun.
  4. Heimilt er að leggja kastaníuhnetur stutta stund í bleyti í brennisteinsdíoxíðsvatnslausn eða söltum þess E 221, E 222, E 223, E 224, E 226 og E 227.
  5. a) Heimilt er að meðhöndla ávaxtasafa á þann hátt sem kveðið er á um í tilskipun 75/726/EBE;  
    - b) einnig er heimilt að meðhöndla hann á þann hátt sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. ef hann er ætlaður til framleiðslu á vörunum sem eru skilgreindar í 4. og 5. tölul. I. viðauka.
  6. Heimilt er að geyma sítrusbörk í saltþækli.“

18. Í stað þriðja undirliðar í töflu í 1. tölul. A-hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„— Rauður ávaxtasafi

Í vörurnar sem eru skilgreindar í 1. og 2. tölul. A-hluta I. viðauka þegar hann er unninn úr einni eða fleiri eftirtalinna tegunda: rósaldinum, jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rifsberjum eða plómum“.

19. Í stað fyrstu málsgreinar í töflu í B-hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„— Pektín og amíderað pektín (E 440)

Í allar vörur sem eru skilgreindar í I. viðauka; innihald pektíns eða amíderaðs pektíns í fullunninni vöru skal ekki fara yfir 1%“.

2. gr.

Aðildarríkin skulu breyta lögum og stjórnslufyrirmælum sínum á þann hátt að þau:

— heimili viðskipti með vörur sem eru í samræmi við þessa tilskipun eigi síðar en 31. desember 1989,

— banni viðskipti með vörur sem ekki eru í samræmi við þessa tilskipun frá og með 1. janúar 1991.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. nóvember 1988.

*Fyrir hönd ráðsins,*

V. PAPANDREOU

*forseti.*

---